



# Samgöngumat Leiðbeiningar

Vegagerðin  
Janúar 2026

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>Hvenær skal vinna samgöngumat.....</b>	<b>5</b>
<b>3</b>	<b>Hvað skal skoða í samgöngumati.....</b>	<b>9</b>
<b>4</b>	<b>Framsetning samgöngumats .....</b>	<b>11</b>
<b>5</b>	<b>Framvinda vinnslu samgöngumats.....</b>	<b>13</b>
	<b>Orðskýringar .....</b>	<b>15</b>

# 1 Inngangur

---

## Af hverju samgöngumat og í hvaða tilfellum á að vinna samgöngumat?

Markmið þessara leiðbeininga, sem gefnar eru út af Vegagerðinni, er að tryggja faglegt, gagnsætt og samræmt mat á áhrifum uppbyggingar á samgöngur. Samgöngumat skal unnið þegar uppbygging, svo sem framkvæmdir, skipulag eða breytingar á skipulagi, er talin geta haft umtalsverð áhrif á samgönguinnviði. Leiðbeiningarnar geta jafnframt nýst til að móta og forgangsraða aðgerðum sem stuðla að sjálfbærari og skilvirkari þróun samgangna. Í 2. kafla leiðbeininganna eru sett fram viðmið um hvenær samgöngumat er nauðsynlegt.

## Fyrir hverja er samgöngumat?

Samgöngumat er mikilvægt fyrir Vegagerðina svo mögulegt sé að kortleggja áform sveitarfélaga með tilliti til áhrifa þeirra á umferð og samgönguinnviði. Með samgöngumati fá sveitarfélögin jafnframt betri mynd af áhrifum uppbyggingar á samgöngur innan sveitarfélagsins. Gerð samgöngumats er á ábyrgð sveitarfélags eða uppbyggingaraðila.

## Hvenær á að vinna samgöngumat?

Umfang samgöngumats skal vera í samræmi við eðli og aðstæður hvers verkefnis. Samgöngumat skal unnið sem hluti af undirbúningi framkvæmda eða uppbyggingar og getur átt sér stað á mismunandi stigum ferlisins. Æskilegt er að vinna samgöngumat eins snemma í ferlinu og kostur er á enda nýtist sú vinna á síðari stigum.

Framkvæmd á samgöngumatinu skiptist almennt í þrjú meginþrep:

### 1. Ákvörðun um hvort vinna eigi samgöngumat

Metið er, með hliðsjón af viðmiðum í kafla 2, hvort uppbyggingin sé líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á samgöngur og samgönguinnviði. Ef tekin er ákvörðun um samgöngumat, er farið í næsta þrep.

### 2. Tillaga um fyrirkomulag og umfang samgöngumats

Uppbyggingaraðili getur lagt fram drög, til Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags, að því hvaða þættir verði teknir til skoðunar og með hvaða hætti matið verður framkvæmt. Umfang samgöngumats getur verið breytilegt, allt frá einfaldri greiningu til ítarlegrar úttektar. Sjá nánar í kafla 3 og kafla 4.

### 3. Framkvæmd samgöngumats

Samgöngumat er unnið í samræmi við samþykkt fyrirkomulag og skilað með þeim hætti sem lýst er í kafla 4. Niðurstöður þess eru lagðar fram samhliða viðeigandi gögnum.

Í kafla 5 er fjallað nánar um framkvæmd samgöngumats og hvernig ferlið fellur að öðrum ferlum, svo sem skipulagsvinnu, umhverfismati og leyfisveitingum.

Samgöngumat getur þróast samhliða verkefninu eftir því sem forsendur skýrast og áformin mótast nánar. Matið skal byggjast á þeim upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma og uppfærast eftir því sem frekari greiningar og ákvarðanir liggja fyrir. Þannig getur samgöngumat tekið breytingum í takt við þróun verkefnisins og tryggt að niðurstöður og tillögur séu í samræmi við endanlega útfærslu.

### **Hvað ætti að fjalla um í samgöngumati?**

Samgöngumat nær til allra samgöngumáta og nær yfir öll stig uppbyggingar, frá fyrstu hugmyndum til framkvæmdar. Það á jafnt við um nýjar framkvæmdir sem og breytingar á núverandi byggð og innviðum. Matið skal veita heildstæða mynd af áhrifum á samgöngukerfi Vegagerðarinnar og styðja við ákvarðanatöku. Fjalla skal eingöngu um viðeigandi atriði miðað við edli og aðstæður verkefnis. Nánari leiðbeiningar er að finna í kafla 3.

### **Hvert er hlutverk Vegagerðarinnar?**

Vegagerðin starfar samkvæmt lögum nr. 120/2012, þar sem kveðið er á um að stofnunin skuli í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Jafnframt ber henni að tryggja að þróun samgangna sé í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið. Samgöngumat er mikilvægur liður í þessu hlutverki, þar sem það gefur Vegagerðinni tækifæri til að greina áhrif uppbyggingar á samgöngukerfið á frumstigum og bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum.

Með samgöngumati fæst yfirsýn yfir hvar og hvers konar aðgerða gæti verið þörf í kerfinu. Niðurstöður matsins geta nýst til að forgangsraða verkefnum, setja fram framkvæmdaráætlun og styðja við heildstæða þróun samgönguinnviða. Vegagerðin getur farið fram á að gerðar verði breytingar á samgönguinnviðum vegna uppbyggingar. Ekki er fjallað um kostnaðarskiptingu í samgöngumati, heldur er slíkt metið sérstaklega í hverju tilviki.

### **Hvernig tengist samgöngumat öðrum ferlum?**

Samgöngumat skal unnið í samræmi við gildandi áætlanir og stefnur hverju sinni. Því ber að taka mið af gildandi stefnu og kröfum sveitarfélaga, svo og af lögum og reglugerðum sem snúa að skipulagi og samgöngumálum. Samkvæmt 28. gr. vegalaga nr. 80/2007 skal leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar breytingar á skipulagi geta haft áhrif á umferð um þjóðvegi. Í sömu grein segir einnig að ákvarða skuli legu þjóðvega í samráði við Vegagerðina. Þá er í 29. gr. laganna kveðið á um að óheimilt sé að tengja vegi við þjóðvegakerfið nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 kemur fram að skipulagsskilmálar skuli ákeðnir í samræmi við hagsmuni almennings og stefnu sveitarfélaga. Samgöngumat þarf því að vinna sem hluta af heildstæðri skipulagsvinnu og í samstarfi við viðeigandi aðila, þar á meðal sveitarfélög og Vegagerðina. Slík samþætting tryggir að forsendur matsins séu raunhæfar og að niðurstöður geti nýst til að styðja við samþætt og sjálfbært skipulag.

## 2 Hvenær skal vinna samgöngumat

Tilgangur þess að setja fram viðmið um hvenær vinna skuli samgöngumat er að tryggja samræmda nálgun og að stuðla að því að mat fari fram þegar fyrirhuguð er uppbygging sem getur haft talsverð áhrif á samgöngur og samgönguinnviði Vegagerðarinnar, en gátlistinn getur einnig nýst sveitarfélögum til að greina áhrif uppbyggingar á samgöngur.

Viðmiðin eru flokkuð eftir mismunandi þáttum og byggja á eðli og umfangi uppbyggingar, áhrifum á umferð og innviði, umferðaröryggi, og skipulagslegum forsendum.

Þau eru sett fram í eftirfarandi töflu:

LIÐUR	VIÐMIÐ	JÁ/NEI
<b>1. Landnotkun og uppbyggingarmagn</b>		
1.1	> 100 íbúðir eða hótélbergi	
1.2	> 10.000 m <sup>2</sup> af íbúðarhúsnæði	
1.3	> 1.000 m <sup>2</sup> af verslunarhúsnæði	
1.4	> 5.000 m <sup>2</sup> af skrifstofuhúsnæði	
1.5	> 10.000 m <sup>2</sup> af vöruflutninga-/lager húsnæði	
1.6	> 100 bílastæði	
1.7	> 4.000 m <sup>2</sup> af iðnaðarstarfsemi	
1.8	> 150 nemendur á menntastofnun	
1.9	> 1.500 m <sup>2</sup> af afþreyingarstarfsemi (söfn, bókasöfn, kvikmyndahús, íþróttsalir, sundlaugar o.s.frv.)	
1.10	Uppbygging staðsett innan 400m frá biðstöð almenningssamgangna utan höfuðborgarsvæðisins	
1.11	Uppbygging staðsett á samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins	
<b>2. Áhrif á þjónvegi og umferðarmagn</b>		
2.1	Uppbygging sem skapar > 500 akandi ferðir á meðalársdegi (ÁDU)	
2.2	Uppbygging sem skapar reglulega þungaflutninga	
2.3	Uppbygging er með beina tengingu inn á vegamót sem eru með miklar tafir á annatímum (þjónustustig er hærra en D)	
2.4	Uppbygging sem er staðsett þar sem gert er ráð fyrir að umferð, vegna stærðar og/eða þunga, fari um á gatnakerfi sem er ófullnægjandi, s.s. þjónusta, gæði vega, gæði vegatenginga og annarra innviða s.s. brúa*	
2.5	Uppbygging sem er staðsett þar sem núverandi stígatengingar eru ófullnægjandi, s.s. gæði þeirra og/eða tengingar við aðliggjandi stígakerfi og byggð, gæði stíga.	
2.6	Uppbygging sem á sér stað á svæðum þar sem núverandi þjónusta og aðgengi að almenningssamgöngum er ófullnægjandi, t.d. þar sem leiðir	

	almenningsgangna liggja ekki um eða þar sem engar biðstöðvar eru til staðar	
2.7	Uppbygging sem kallar á nýja vegtenginu inn á þjóðveg	
2.8	Uppbygging sem skapar álag, s.s. vegna stærðar, þunga og/eða umfangi umferðar, á samgönguinnviði á framkvæmdartíma.	
2.9	Þörf á undanþágufaratæki fyrir uppbyggingu.	
2.10	Fyrirhuguð uppbygging sem fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana**	
<b>3. Umferðaröryggi</b>		
3.1	Uppbygging sem er líkleg til að auka slyshættu eða skörun milli vélknúinna farartækja og óvarinna vegfarenda	
3.2	Uppbygging sem kallar á nýjar stígapveranir yfir þjóðveg, t.d. þar sem börn þurfa að þvera þjóðveg til að komast í skóla og/eða í tólmstundir	
3.3	Uppbygging sem hefur áhrif á aðgengi að almenningssamgöngum og kallar á nýjar tengingar við biðstöðvar eða á nýjar biðstöðvar	
3.4	Uppbygging í grennd við eða með beina tengingu við vegi þar sem tíðni slysa eða næstum-slysa er há, samkvæmt slyskrá eða öryggisgreiningum	
3.5	Uppbygging þar sem gert er ráð fyrir fjölda óvarinna vegfarenda, sér í lagi umferð barna, aldraðra og/eða hreyfihamlaða (t.d. leikskóla- eða heilbrigðisþjónusta)	
<b>4. Skipulagsáætlanir</b>		
4.1	Við gerð og/eða breytingar skipulagsáætlana sem falla undir einhvern af ofangreindum þáttum	
4.2	Við gerð og heildarendurskoðun svæðisskipulags	
4.3	Við gerð og heildarendurskoðun aðalskipulags	
4.4	Við heildarendurskoðun rammahluta aðalskipulags	

\* Ef uppbygging er eingöngu talin falla undir þennan lið er mælt til þess að hafa samráð við Vegagerðina við útfærslu samgöngumats.

\*\* Framkvæmdir og áætlanir sem hafa að einhverju leyti áhrif á þjóðvegi. Það er á ábyrgð framkvæmdaraðila að rökstyðja ef hann telur að uppbygging sem fellur undir lögin krefjast ekki gerð samgöngumats.

Vegagerðin getur ávallt óskað eftir að samgöngumat verði unnið í samræmi við þessar leiðbeiningar, jafnvel þótt uppbygging eða framkvæmd falli ekki undir ofan talin viðmið. Einnig geta sveitarfélög og uppbyggingaraðilar leitað til Vegagerðarinnar ef óvissa ríkir um hvort þörf sé á samgöngumati.



Mynd 1 Vestfirðavegur um Búðardal

**Dæmi 1****Landnotkun og uppbyggingarmagn**

Uppbyggingaraðili vill reisa 140 herbergja hótél utan þéttbýlis, ásamt veitingastað og gestamóttöku. Aðkoma hótelsins tengist inn á þjóðveg.

Samgöngumat: Já.

Uppbyggingaráform geta haft áhrif á umferð á þjóðvegi og útfærslu vegamóta við hann. Áformin lenda undir lið 1.1 þar sem um er að ræða fleiri en 100 hótélherbergi.

**Dæmi 2****Landnotkun og uppbyggingarmagn**

Verktaki ætlar að byggja nýjan verslunarkjarna í útjaðri þéttbýlis, sem inniheldur matvöruverslun, apótek og bakarí. Heildaruppbygging er um 3.500 m<sup>2</sup> og gert er ráð fyrir 110 bílastæðum fyrir viðskiptavinum.

Samgöngumat: Já, fyrirhuguð uppbygging getur haft áhrif á umferð og samgöngumannvirki. Verkefnið fer yfir viðmið 1.3 (>1.000 m<sup>2</sup> verslun) og 1.6 (>100 bílastæði).



Mynd 2 Hringvegur austan höfuðborgarsvæðisins

**Dæmi 3****Áhrif á samgöngukerfið og umferðarmagn**

Fyrirtæki hyggst byggja 7.000 m<sup>2</sup> fiskvinnslu. Verksmiðjan verður staðsett á lóð sem liggur við gamlan sveitaveg, þar sem einbreið brú er eina tengingin að svæðinu. Daglegar ferðir með þungaflutningabílum verða að lágmarki 15. Hluti af verkefninu felst í að betrubæta núverandi vegatengingar.

Samgöngumat: Já, fyrirhuguð uppbygging kallar á að byggja þarf nýja brú og styrkja núverandi vegatengingar vegna þungaflutninga. Verkefnið uppfyllir bæði lið 2.2 (reglulegir þungaflutningar) og 2.4 (ófullnægjandi aðkoma að uppbyggingarsvæði).

**Dæmi 4****Umferðaröryggi**

Leikskóli með 90 leikskólapláss er fyrirhugaður við íbúðahverfi sem er að byggjast upp. Ekki er gönguleið frá næstu íbúðarbyggð að leikskólanum og fara þarf um þjóðveg til að komast að honum.

Samgöngumat: Já. Uppbyggingin hefur áhrif á umferðaröryggi þar sem búast má við umferð gangandi eftir og yfir þjóðveg (liður 3.1 og 3.5).

**Dæmi 5****Mat á umhverfisáhrifum og áhrif á vegakerfið**

Framkvæmdaraðili áformar að reisa vindorkuver sem samanstendur af 25 vindmyllum. Uppbyggingin krefst aðkomu stórra vinnuvéla og spaðaflutninga með sérútbúnum flutningabilum. Framkvæmdin krefst reglulegrar aðkomu þungaflutningabíla með miklum farmi um vegi sem eru ekki hannaðir til að þjónusta slíka umferð. Búast má við aukinni umferð þungaflutninga á þjóðveginum með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umferðaröryggi.

Samgöngumat: Já. Þar sem framkvæmdin fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum (liður 2.10) og hefur áhrif á samgöngukerfið bæði á framkvæmdartíma og mögulega til lengri tíma (vegslit, umferðarálag, flutningaleiðir), ber að vinna samgöngumat samhliða umhverfismatinu. Einnig gæti framkvæmdin fallið undir lið 2.2 (þungaflutningar) og 2.8 (áhrif á framkvæmdatíma).



Mynd 3 Hringvegur um Borgarnes

**Dæmi 6****Ekki samgöngumat: Lítil verzlun**

Í miðbæ þéttbýliskjarna hyggst rekstraraðili opna 700 m<sup>2</sup> verslunar- og veitingarhúsnæði með 18 bílastæðum. Staðurinn er í kjarna bæjarins þar sem þegar eru góðar stígatengingar og reglulegar almenningsamgöngur. Ekki er þörf á nýrri tengingu við þjóðveg og fyrirhuguð uppbygging er utan veghelgunarsvæða.

Samgöngumat: Nei. Fer ekki yfir viðmið og áhrif á samgöngukerfið eru takmörkuð.

**Dæmi 7****Ekki samgöngumat: Lítil iðnaðarstarfsemi**

Fyrirtæki í hönnun og samsetningu tækjabúnaðar hyggst reisa 2.000 m<sup>2</sup> húsnæði á atvinnusvæði innan bæjarmarka. Starfsemin fer að mestu fram innanhúss og ekki er gert ráð fyrir reglulegum flutningi vara frá starfseminni.

Samgöngumat: Nei. Stærð atvinnuhúsnæðis er undir viðmiði 1.7 (4.000 m<sup>2</sup>) og flutningar eru ekki reglulegir skv. lið 2.2.

### 3 Hvað skal skoða í samgöngumati

Umfang samgöngumats og þau atriði sem metin eru skulu endurspegla eðli og stærð fyrirhugaðrar uppbyggingar sem og metin áhrif hennar.

Umfang matsins getur verið mismunandi;

- það getur falið í sér ítarlegt mat á áhrifum
- það getur verið einfaldara ef áhrifin eru talin minni
- það getur verið óþarft ef áhrifin eru talin óveruleg

Hér að neðan er settur fram listi yfir helstu atriði sem ætti að huga að við gerð samgöngumats. Uppbyggingaraðilum ber að meta hvaða atriði eigi við hverju sinni, að höfðu samráði við Vegagerðina og viðkomandi sveitarfélag, og gera grein fyrir áhrifum uppbyggingar á samgönguinnviði Vegagerðarinnar í samræmi við það. Vegagerðin áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum eða viðbótargreiningum telji hún það nauðsynlegt til að unnt sé að leggja mat á áhrif uppbyggingarinnar á samgöngur og innviði.

ATRÍÐI SEM TELJA SKAL FRAM Í SAMGÖNGUMATI	Á VIÐ? JÁ/NEI
<b>1. Núverandi aðstæður</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lýsing á núverandi staðháttum og landnotkun</li> <li>- Lýsing á nærliggjandi gatnainnviðum, s.s. vegtegund/gerð, vegamót, fjöldi akreina og hraðatakmarkanir</li> <li>- Lýsing á núverandi þjónustu almenningsgangna á svæðinu, s.s. leiðir og stöðvar</li> <li>- Lýsing á núverandi stígatengingum, s.s. tengingar innan og við uppbyggingarsvæði</li> <li>- Núverandi umferðarmagn og hlutdeild allra ferðamáta á og við uppbyggingarsvæðið ef gögn liggja fyrir</li> <li>- Umferðaröryggi, slysgreining síðastliðinna fimm ára</li> <li>- Núverandi bíla- og hjólastæði á og við fyrirhugað uppbyggingarsvæði</li> <li>- Upplýsingar um hlutfall þungaumferðar á og við uppbyggingarsvæðið</li> <li>- Samantekt á samþykktum samgönguframkvæmdum á og við svæðið s.s. tilkoma Borgarlínu, breytt leiðarnets Strætó, áætlanir um nýja göngu- og hjólastíga, gerð og breytingar á samgönguinnviðum</li> </ul>	

<b>2. Fyrirhuguð uppbygging og áhrif</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lýsing á tilgangi og umfangi uppbyggingar</li> <li>- Lýsing á mismunandi útfærslum/valkostum (ef við á, t.d. leiðaval þungaflutninga á framkvæmdatíma)</li> <li>- Lýsing á gildandi skipulagáætlunum á og við skipulagsreit</li> <li>- Gera grein fyrir umferðarsköpun og umferðardreifingu allra ferðamáta</li> <li>- Afköst og þjónustustig nærliggjandi vegamóta fyrir og eftir uppbyggingu</li> <li>- Fyrirhugaður fjöldi bíla- og hjólastæða</li> <li>- Akstursferlagreiningar vegna stærri ökutækja</li> <li>- Meta álag þungaflutninga á gatnakerfi, t.d. varðandi burðarþol og gæði innviða</li> <li>- Meta áhrif á samgöngur á framkvæmdartíma</li> <li>- Gera grein fyrir stígatengingum innan uppbyggingarsvæðisins sem og tengingar við aðliggjandi stígakerfi/byggð</li> <li>- Gera grein fyrir hvernig hugað er að aðgengi fyrir allar tegundir vegfarenda</li> <li>- Mat á áhrifum uppbyggingar á umferðaröryggi</li> <li>- Lýsing á fyrirkomulagi og aðgengi fyrir vöruflutninga, sorphirðu, þjónustu- og neyðaraðila</li> </ul>	
<b>3. Aðgerðir til að draga úr áhrifum á samgönguinnviði</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Umfjöllun um mótvægisáðgerðir til þess að draga úr neikvæðum áhrifum uppbyggingarinnar á samgönguinnviði ef það á við.</li> </ul>	
<b>4. Tengsl við aðra uppbyggingu/skipulagsáform</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Greina og meta samlegðaráhrif annarra uppbyggingar- og skipulagsáforma í nágrenni við fyrirhugaða uppbyggingu</li> <li>- Gera grein fyrir og meta áhrif annarra samgönguframkvæmda sem geta haft áhrif á uppbygginguna</li> </ul>	
<b>5. Samráð</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lýsing á samráði sem hefur átt sér stað sem snýr að samgöngum og hvernig það hefur nýst í vinnunni</li> <li>- Tilgreina fyrirhugað samráð ef það á við</li> </ul>	

## 4 Framsetning samgöngumats

---

Samgöngumati skal skila sem minnisblaði eða skýrslu, miðað við eðli og umfang verkefnis. Æskilegt er að samantekt samgöngumats fylgi öðrum skilagögnum eftir því sem við á, svo sem í greinargerð skipulagsáætlana, umhverfismatsskýrslu eða gögnum fyrir framkvæmdaleyfi. Umfang samgöngumats getur verið breytilegt, allt frá einfaldri greiningu á samgöngum á framkvæmdatíma til ítarlegrar úttektar sem nær yfir alla samgöngumáta og áhrif uppbyggingar til lengri tíma. Samgöngumat getur þróast samhliða verkefninu eftir því sem forsendur skýrast og nánari útfærsla liggur fyrir.

Samgöngumatið gæti verið sett upp á eftirfarandi hátt:

- Inngangur
- Núverandi aðstæður
- Fyrirhuguð uppbygging
- Áhrif uppbyggingar
- Mótvægisáðgerðir
- Niðurstöður

### Inngangur

Lýsing á tilgangi og markmiðum samgöngumatsins, auk yfirlits yfir umfang þess. Hér skal útskýra hvers vegna matið er framkvæmt og hvaða aðferðir og gögn liggja til grundvallar. Einnig skal tilgreina hverjir bera ábyrgð á gerð matsins og hvaða aðilar hafa veitt umsagnir eða aðstoð við vinnsluna.

### Núverandi aðstæður

Greining á núverandi samgönguinnviðum á og við uppbyggingarsvæðið. Fjalla skal m.a. um fyrirkomulag vegakerfisins og vegamóta, stígatengingar, almenningsamgöngur, umferðarmagn allra ferðamáta, fjölda bíla- og hjólastæða, aðgengi og umferðaröryggi. Markmiðið er að gefa heildstæða mynd af stöðu svæðisins og nærliggjandi svæða þegar greiningin fer fram. Fjalla skal um gildandi skipulagsáætlanir.

### Fyrirhuguð uppbygging

Lýsing á umfangi og eðli fyrirhugaðrar uppbyggingar og starfsemi, t.d. fjölda íbúða, fermetrafjölda atvinnuhúsnæðis, og staðsetningu. Einnig ætti að koma fram hvernig aðgengi að uppbyggingarsvæðinu verður háttáð fyrir alla ferðamáta og hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á núverandi samgöngukerfi. Fjalla þarf um áformin og fyrirkomulag þeirra á bæði framkvæmda- og rekstartíma. Tilgreina skal hvort áformin samræmist gildandi skipulagsáætlunum eða þörf sé á skipulagsbreytingum.

### Áhrif uppbyggingar

Mat á því hvernig fyrirhuguð uppbygging mun hafa áhrif á samgöngukerfið. Reiknuð er umferðarsköpun fyrir alla ferðamáta og mismunandi tegundar umferð, mat lagt á fjölda bíla- og hjólastæða, áhrif á umferðaröryggi og áhrif á samgönguinnviði metin, þ. á m. áhrif á nærliggjandi vegkafla og vegamót. Fjalla þarf um áhrif á bæði framkvæmda- og rekstrartíma. Tilgreina þarf sérstaklega um umferð undanþágufarataekja auk mögulegra breytinga sem þarf að gera vegna þeirra (akstursferlagreining). Setja skal fram niðurstöður úr hermunum ef hún liggur fyrir.

### Mótvægisáðgerðir

Lýsing á aðgerðum sem ætlað er að draga úr neikvæðum áhrifum uppbyggingar á samgöngur og styðja við vistvæna ferðamáta. Aðgerðir geta t.d. verið; breytingar á innviðum, aðlögun áforma, tímabundnar áðgerðir á framkvæmdatíma og stefnumótandi áðgerðir til lengri tíma.

### Niðurstöður

Helstu niðurstöður samgöngumatsins dregnar saman og mótvægisáðgerðir lagðar til ásamt lýsingu á hvernig þær verði innleiddar. Sýnt er fram á hver áhrif af uppbyggingu verða og hvernig megi draga úr neikvæðum áhrifum. Hér ætti að koma fram tímasett áætlun um innleiðingu áðgerða og hverjir bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Tilgreina skal viðmið sem nota má til að meta árangur.

### Valkostagreining

Í þeim tilvikum sem gera þarf valkostagreiningu, eins og í umhverfismati, skal gera grein fyrir áhrifum uppbyggingar og mótvægisáðgerðum fyrir hvern valkost.



Mynd 4 Reykjanesbraut við Breiðholtsbraut

## 5 Framvinda vinnslu samgöngumats

---

Framvinda samgöngumats ræðst af eðli og umfangi fyrirhugaðrar uppbyggingar, meðal annars hvort matið er unnið samhliða skipulagsgerð, sem hluti af mati á umhverfisáhrifum eða sem fylgiskjal með umsókn um framkvæmdaleyfi. Samgöngumat skal ávallt unnið í samhengi við aðra ferla og byggt á þeim forsendum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Þar af leiðandi getur samgöngumat þróast samhliða því sem verkefnið þróast og áformin skýrast.

### Skipulagsferli

Skipulagsferli nær til allra gerða skipulagsáætlana, þar á meðal svæðisskipulags, aðalskipulags, rammahluta aðalskipulags og deiliskipulags. Æskilegt ferli við vinnslu samgöngumats, samhliða skipulagsferli, er eftirfarandi:

**Lýsing → vinnslutillaga (valkvætt) → auglýst tillaga → staðfesting.**

- **Lýsing:** Ákvarða skal hvort samgöngumat sé nauðsynlegt, með hliðsjón af viðmiðum í kafla 2. Ef mat er nauðsynlegt, skal tilgreina helstu áhrifaþætti í samræmi við kafla 3. Leita má umsagnar Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðs samgöngumats á þessu stigi.
- **Auglýst tillaga:** Drög að samgöngumati skulu liggja fyrir og byggja á forsendum skipulagstillögunnar. Matið skal vera opið fyrir breytingum í samræmi við umsagnir og athugasemdir.
- **Staðfesting:** Endanleg útgáfa samgöngumats skal liggja fyrir við staðfestingu skipulagsins og endurspeglar breytingar sem gerðar hafa verið í ferlinu ef við á.

Umhverfismat framkvæmda:

Falli uppbygging undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skal samgöngumat unnið samhliða umhverfismatinu og samþætt því bæði efnislega og hvað varðar tímasetningar. Hefðbundin framvinda samgöngumats samhliða mati á umhverfisáhrifum er eftirfarandi:

**Matsáætlun → umhverfismatsskýrsla.**

- **Matsáætlun:** Ákvarða skal hvort samgöngumat sé nauðsynlegt, með hliðsjón af viðmiðum í kafla 2. Ef mat er nauðsynlegt, skal tilgreina helstu áhrifaþætti í samræmi við kafla 3. Leita má umsagnar Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðs samgöngumats á þessu stigi.
- **Umhverfismatsskýrsla (auglýst):** Samgöngumat skal vera hluti af umhverfismatsskýrslu. Það skal byggt á fyrirliggjandi gögnum og forsendum, og vera opið fyrir breytingum vegna umsagna og/eða athugasemda.
- **Staðfesting:** Endanleg útgáfa samgöngumats skal liggja fyrir við staðfestingu skipulagsins og endurspeglar breytingar sem gerðar hafa verið í ferlinu ef við á.

Samráð við Vegagerðina

Í öllum tilvikum er unnt að óska eftir samráði og ráðgjöf frá Vegagerðinni varðandi fyrirkomulag, umfang og framkvæmd samgöngumats. Slíkt samráð getur átt sér stað á öllum stigum verkefnisins og er sérstaklega mikilvægt þegar óvissa ríkir um hvort, og þá með hvaða hætti, vinna eigi samgöngumat.

Minnt er á að samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf sérstakt leyfi fyrir framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis.

## Orðskýringar

Orð/hugtak	Skýring
Aðgengi fyrir alla	Felur í sér að samgöngukerfið sé hannað og rekið þannig að allir, óháð líkamlegum, andlegum eða félagslegum aðstæðum, geti notað það óöruggan og sjálfstæðan hátt.
Afkastageta	Skilgreindur hámarksfjöldi ökutækja eða farþega sem getur farið um vegkafla eða vegmót á tilteknum tíma við ásættanleg gæði þjónustu.
Akstursferlagreining	Greining sem felur í sér að skoða og herma hvernig ökutæki nota rými þegar þau beygja, snúa eða aka um vegakerfi, til að tryggja að vegir, gatnamót og aðstaða séu hönnuð svo ökutæki komist greiðlega og örugglega um þau.
ÁDU	Ársdagsumferð. Meðalumerð á sólarhring yfir árið.
Framkvæmdaleyfi	Framkvæmdaleyfi er leyfi sveitarstjórnar fyrir meiriháttar framkvæmdum sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásynð þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku eða aðrar framkvæmdir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi til framkvæmda frá Vegagerðinni, þar með talið tengingar við vegi.
HVDU	Hversdagsumferð. Meðalumerð á hefðbundnum virkum degi yfir árið.
Matsáætlun	Áætlun framkvæmdaraðila um hvernig fyrirhugað er að standa að umhverfismati fyrirhugaðrar framkvæmdar og á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis verði lögð áhersla í umhverfismatsskýrslu.
Mótvægisaðgerð	Mótvægisaðgerðir eru þær ráðstafanir sem lagðar eru til til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta upp neikvæð áhrif sem uppbygging eða framkvæmdir kunna að hafa á umhverfi, samfélag eða innviði.
Óvarðir vegfarendur	Vegfarendur sem eru ekki í vélknúnum ökutækjum og/ eða njóta ekki sömu líkamlegrar verndar og ökumenn og farþegar vélknúinna ökutækja. Þeirra á meðal eru gangandi vegfarendur, hjólandi og notendur örflæðisfarartækja.
Samgöngu- og þróunarás	Ás sem liggur gegnum helstu þróunarsvæði og kjarna sveitarfélaga og þjónar sem stoð fyrir hágæða almenningssamgöngur (t.d. Borgarlínu). Hann er ætlaður til að tengja byggð og samgönguneti, styðja við samgöngu- og byggðarþróun og tryggja að uppbygging og samgönguáætlun gangi saman. Lega ásins er ákvörðuð innan svæðisskipulags og innleidd í aðalskipulag sveitarfélaga.
Samlegðaráhrif	Samlegðaráhrif eru áhrif sem myndast þegar áhrif margra framkvæmda, uppbyggingaráforma eða breytinga á skipulagi leggjast saman og valda sameiginlegum áhrifum sem eru meiri, víðtækari eða annars eðlis en áhrif hvers þáttar fyrir sig.
Slysiðni	Mælikvarði á fjölda umferðarslysa miðað við ákveðna umferð eða ekna kílómetra.
Umferð	Umferð á við um umferð allra ferðamáta nema annað sé sérstaklega tekið fram.
Umhverfismatsskýrsla	Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar eða áætlunar og starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisaðgerðir eftir því sem við á.
Undanþágumferð	Umferð sem sækja þarf um undanþágu fyrir frá reglum um lengd, breidd, hæð, heildarþyngd og áspunga ökutækis til Samgöngustofu til aksturs.

Veghelgunarsvæði	Er landsvæði beggja megin vegar sem er tekið frá til að tryggja umferðaröryggi, viðhald og rekstur vegarins. Stærð þess fer eftir flokki vegar.
Þéttbýli	Svæði sem fellur undir skilgreiningu þéttbýlis samkvæmt skipulagslögum.
Þjóðvegur	Vegur í umsjá Vegagerðarinnar; sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þjóðvegir eru flokkaðir í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi.
Þjónustustig	Lýsir gæðum umferðarflæðis á vega- og gatnamótum.
Þungaumferð	Umferð vélknúinna ökutækja með heildarþyngd yfir 3,5 tonn, þar á meðal vörubílar, dráttarbílar og hópferðabílar.